

Velferðarstefna Akureyrar 2017-2021

Drög til kynningar

Um stefnuna – ávörp og fleira

Hér verður samantekt af helstu niðurstöðum, undirbúningi og uppsetningu stefnunnar. Ásamt ávörpum og fleira.

Hlutverk velferðarstefnu

Hér verður fjallað um helstu markmið og hlutverk stefnunnar

Gildi

Hér verður fjallað um þau gildi sem birtust í vinnu stefnunnar.

Framtíðarsýn

Hér verður framtíðarsýn stefnunnar

Stefnan

Fjölskyldan

Fjölskyldan er grunnstoð samfélagsins og það er mikilvægt fyrir bæjarfélagið að þjónusta við fjölskyldur sé framúrskarandi. Stefnt skal að því að gera fjölskyldum kleift að verja meiri tíma saman. Einnig er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um þjónustu bæjarins aðgengilegar svo að auðveldara sé fyrir fjölskyldufólk að vita hvert hægt er að leita eftir aðstoð eða ráðgjöf.

Markmið

1. Efla fræðslu og forvarnir fyrir alla sem koma að uppeldi barna
 - Fræðsla fyrir foreldra (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild, Samfélags- og mannréttindadeild í samstarfi við HSN).
 - T.d. fræðsla tengd tölvunotkun, hegðunarerfiðleikar o.fl.
 - Fræðsla fyrir fólk sem vinnur með börnum; leikskólar, grunnskólar, félagsmiðstöðvar, íþrótt- og tómstundafélög. (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild og Samfélags- og mannréttindadeild).
 - Getur verið ýmislegt, t.d. Réttindi barna, eineltisfræðsla, verndari barna (fræðsla um hvernig eigi að bregðast við ef barn segir frá ofbeldi - tilkynningarferlið og hvernig eigi að sýna barninu stuðning).
 - Stuðningur fyrir foreldra sem hafa ekki aðstöðu til að fylgja börnum sínum eftir eða hafa ákveðnar áhyggjur, t.d. gagnvart börnum og unglingum sem neita að mæta í skólann eða eru byrjuð að sýna nýja og ólíka hegðun.

2. Upplýsingar um þjónustu
 - Heimasíða gerð aðgengileg með helstu upplýsingum um þjónustu; réttindi barna, hvert er hægt að leita, t.d. Ráðgjafar, sérfræðiþjónusta og fleira. (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild, Samfélags- og mannréttindadeild og Akureyrarstofa).
3. Fjölskyldan sem heild
 - Samfella í skóla- og frístundir – gerir fjölskyldum kleift að eiga fleiri gæðastundir saman (Ábyrgðaraðilar: Skóladeild, Samfélags- og mannréttindadeild)
 - Öryggi í samgöngum og umferð. (Ábyrgðaraðilar: Framkvæmdadeild)
 - Nýta bæinn betur til afþreyingar fyrir fjölskyldur. Leggja áherslu á að fjölskyldur hafi fjölbreyttari möguleika á að gera eitthvað saman.
4. Styðja við fjölskyldur í vanda
 - Efla Öskjuna - fjölskylduráðgjöf (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild og Velferðarráð)
 - Snemmtæk íhlutun – grípa inn í sem fyrst - stytta biðlista (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild)
 - Endurskoða reglur um fjárhagsaðstoð með barnafjölskyldur í huga. (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild og Fjárreiðudeild).
 - Auka samvinnu á milli deilda og stofnanna, aukin teymisvinna. (Ábyrgðaraðilar: Allar deildir).
 - Beina afsláttum og niðurgreiðslum til þeirra sem eru í þörf.

Börn

Börn eiga rétt á öruggu og góðu uppeldi. Mikilvægt er að samfélagið sem heild standi og vinni saman að því að veita börnum góðar uppeldisaðstæður. Íþróttir og tómstundir skulu vera sem aðgengilegastar fyrir alla þar sem forvarnargildi þeirra eru miklar. Leggja skal áherslu á að þjónusta við börn sé framúrskarandi og reyna skal eftir fremsta megni að stytta biðlista þar sem börn eiga í hlut, t.d. með aukinni fræðslu fyrir börn, foreldra og starfsmenn svo hægt sé að grípa inn í sem fyrst.

Markmið

1. Fræðsla og forvarnir
 - Auka forvarnarfræðslu um ýmis málefni t.d. Samskipti, kvíða, heilbrigðari lífhætti o.fl. (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild, Samfélags- og mannréttindadeild í samstarfi við aðrar deildir og stofnanir: HSN, Grófin og fleira).
2. Þjónusta við börn
 - Stoðþjónusta, t.d. sjúkra- og talþjálfun, fari sem mest fram inni í leik- og grunnskólum. (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild og Skóladeild)
 - Tryggja umferðaröryggi og bæta samgöngur. (Ábyrgðaraðilar: Framkvæmdadeild)
 - Upplýsingar um þjónustu sé aðgengileg
 - Heimasíða gerð aðgengileg með helstu upplýsingum um þjónustu; réttindi barna, hvert er hægt að leita, t.d. Ráðgjafar, sérfræðiþjónusta og fleira. (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild, Samfélags- og mannréttindadeild og Akureyrarstofa).
 - Efla snemmtæka íhlutun í fleiri málum, (t.d. með því að styrkja Öskjuna) (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild og Búsetudeild).
 - Til dæmis þegar börn fæðast fötlud, að foreldrar fái strax stuðning og þjónustu.
 - Tryggja að börn þurfi ekki að bíða of lengi eftir aðstoð
 - Auka samvinnu á milli deilda og stofnanna, aukin teymisvinna. (Ábyrgðaraðilar: Allar deildir).

3. Íþróttta- og tómstundastarf

- Skipulag taki mið af þroska, getu, hæfileikum og áhugasviði hvers og eins.
- Fjölbreyttara úrval – íþróttir og tómstundir fyrir alla. Hvetja börn til að stunda íþróttir og tómstundir, t.d. Hægt að hafa íþróttavikur þar sem hægt er prufa fleiri en eina íþrótt. (Ábyrgðaraðilar: Samfélags- og mannréttindadeild í samstarfi við íþróttafélög).
- Samþætta skóla og frístundir – hafa á dagvinnutíma – stytta „vinnutíma“ yngri barna (Ábyrgðaraðilar: Skóladeild, Samfélags- og mannréttindadeild í samstarfi við íþróttta- og tómstundafélög).

Unglingar

Gæta þarf að hagsmunum unglunga og að þeirra rödd og þarfir komi fram. Unglingar og ungt fólk gleymast stundum í umræðunni en mikilvægt er að fylgja þessum aldurshópi eftir og veita þeim góða þjónustu.

Markmið

1. Fræðsla og forvarnir

- Auka forvarnarfræðslu um ýmis málafni t.d. Samskipti, kvíða, heilbrigðari lífhætti, daglegt líf o.fl. (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild, Samfélags- og mannréttindadeild í samstarfi við aðrar deildir og stofnanir: HSN, Grófin, Aflið og fleira).
- Virkja notendaráð. Fá ungmennaráð til að koma að fleiri ákvörðunum. (Ábyrgðaraðilar: Velferðarráð, Fjölskyldudeild og Samfélags- og mannréttindadeild).

2. Íþróttta- og tómstundastarf

- Skipulag taki mið af þroska, getu, hæfileikum og áhugasviði hvers og eins.
 - Íþróttir eiga ekki bara að snúast um keppnir. Velferð og forvarnir eru mikilvægur þáttur þegar kemur að íþróttta- og tómstundaiðkun.
- Fjölbreyttara úrval – íþróttir og tómstundir fyrir alla. Hvetja unglunga til að stunda íþróttir og tómstundir, t.d. Hægt að hafa íþróttavikur þar sem hægt er prufa fleiri en eina íþrótt.

3. Þjónusta

- Stoðþjónusta, t.d. sjúkra- og talþjálfun, fari sem mest fram inni í grunnskólum.
- Gæta þess að aldurshópurinn 16-18 ára eigi sér talsmann.
- Efla þjónustu við ungt fólk, t.d. í tengslum við geðræn vandamál, hegðunarvandamál og unglunga sem búa við lakari félagslegar aðstæður. (Fjölskyldudeild, Samfélags- og mannréttindadeild í samstarfi við aðrar deildir og stofnanir).
 - Reyna eftir fremsta megni að stytta biðlista eftir þjónustu.
- Efla snemmtæka íhlutun í fleiri málum
- Bæta aðgengi að upplýsingum um þjónustu
 - Heimasíða gerð aðgengilegri með helstu upplýsingum um þjónustu. (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild, Samfélags- og mannréttindadeild og Akureyrarstofa).
 - Ungmennahús - þjónustumiðstöð fyrir ungt fólk, auðvelda unglungum að sækja sér þjónustu og upplýsingar um þjónustu.

Þjónusta við aldraða

Aldrað fólk er mikilvægur og ört stækkandi hópur í samfélaginu og mikilvægt að þjónusta við aldraða sé góð og fagleg. Leggja þarf áherslur á að tryggja eldra fólki öryggi í húsnæðismálum og gera fólki kleift að búa við þær aðstæður sem það kys. Upplýsingar um þjónustu þurfa að vera aðgengilegar fyrir notendur og umsóknarferli að vera einföld og skýr. Forvarnir og fræðsla eru mikilvæg til að undirbúa fólk fyrir framtíðina og getur það aukið öryggi þeirra og vellíðan að fá slíka fræðslu um málefni sem þeim tengjast. Gott samstarf á milli starfseininga og stofnanna getur viðhaldið og aukið gæði þjónustunnar.

Markmið

1. Gera fólki kleift að geta búið sem lengst heima hjá sér eða við þær aðstæður sem það kys.
 - Öryggi í húsnæðismálum verði tryggt.
 - Leggja áherslu á að nýta velferðartækni ennbetur (nánari í kafla um velferðartækni)
 - Hafa fjölbreytta valkosti í búsetuúrræðum
2. Þjónusta
 - Aðgengi að þjónustu og upplýsingum gert einfaldara og skilvirkara.
 - Heimasíða gerð aðgengileg með helstu upplýsingum um þjónustu; Heimþjónusta, akstursþjónusta, ýmis ráðgjöf, upplýsingar um hvert eigi að leita. (Ábyrgðaraðilar: Fjölskyldudeild, Búsetudeild, Samfélags- og mannréttindadeild og Akureyrarstofa).
 - Kynna og auka aðgang eldri borgara að fjölskylduráðgjáfum hjá Fjölskyldudeild.
 - Umsóknarferli um þjónustuúrræði einfaldað og umsóknir samnýttar svo einstaklingar þurfi síður að endurtaka eða fara á milli deilda og stofnanna. (Ábyrgðaraðilar: Búsetudeild og Fjölskyldudeild í samstarfi við aðrar stofnanir t.d. HSN og SAK).
 - Teymisvinna á milli stofnanna og deilda aukin
 - Heimþjónusta – tryggja aðgengi einstaklinga að heimþjónustu. Tryggja framboð á kvöld- og helgarþjónustu eða setja reglur um endurgreiðslur/niðurgreiðslur aðkeyptar þjónustu.
 - Samgöngur og samfélagsleg þátttaka
 - Akstursþjónusta verði eflað og samhæfð með að leiðarljósi að tryggja að fólk geti komist leiða sinna um kvöld og helgar.
 - Samstarf við einkaaðila eins og leigubíla verði skoðað nánar, varðandi niðurgreiðslur og að fólk fái þjónustu utan þjónustutíma skipulagðrar ferliþjónustu bæjarins, t.d. hreyfihamlaðir.
 - Akstursleiðir Strætó fari um staði sem aldraðir sækja.
3. Fræðsla og forvarnir
 - Auka þarf fræðslu um ýmis málefni, t.d. félagslega einangrun, kvíða, jákvætt viðhorf, heilbrigðari lífhætti o.fl. (Ábyrgðaraðilar: Búsetudeild, Fjölskyldudeild, Samfélags- og mannréttindadeild í samstarfi við aðrar deildir og stofnanir: HSN, Grófin og fleira)
 - Efla fræðslu fyrir fólk sem er að komast á eftirlauna aldur og kynningu á hvaða þjónusta sé í boði og hvert eigi að leita ef spurningar vakna.
 - Koma á og efla fræðslustarf þar sem áhersla er á líðan og lífstíl efri ára.
 - Virkja notendur og samtök þeirra, fá nýskipað öldungaráð að fleiri ákvörðunum og bera fleiri mál undir þau (Ábyrgðaraðilar: Velferðarráð og Búsetudeild).
4. Íþrótt- og tómstundastarf
 - Skipulag taki mið af þroska, getu, hæfileikum og áhugasviði hvers og eins.
 - Fjölbreytt úrval – íþróttir og tómstundir fyrir alla. Hvetja einstaklinga til að stunda íþróttir og tómstundir. (Ábyrgðaraðilar: Samfélags- og mannréttindadeild í samstarfi við íþrótt- og tómstundafélög).

Þjónusta við fólk með fötlun

Mikilvægt er að veita fötluðu fólki faglega og góða þjónustu. Tryggja þarf öryggi í húsnæðismálum og gera fólki kleift að búa við þær aðstæður sem það kys sér. Aðgengismál eru mikilvæg fyrir alla og þá sérstaklega fyrir fólk með fötlun og ætti Akureyrbær að vera til fyrirmyndar í þeim efnum. Tómsundur, íþróttir og atvinna eru mikilvægir þættir þegar kemur að virkni fólks í samfélaginu og lífinu sjálfu og getur það haft jákvæð áhrif á lífsgæði og vellíðan einstaklinga. Mikilvægt er að samstarf á milli deilda og stofnanna sé gott og getur það aukið gæði þjónustunnar til muna.

Markmið

1. Gera fólki kleift að geta búið sem lengst heima hjá sér eða við þær aðstæður sem það kys sér.
 - Öryggi í húsnæðismálum tryggt.
 - Nýta velferðartækni betur (nánari í kafla um velferðartækni)
 - Hafa fjölbreyttari búsetuúrræði
2. Þjónusta
 - Snemmtæk íhlutun – grípa inn í sem fyrst - fólk fái strax upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði. (Ábyrgðaraðilar: Búsetudeild og Fjölskyldudeild í samstarfi við aðrar stofnanir).
 - Einstaklingsmiðaða þjónustu
 - Þjónustuþeginn hafi meira um þjónustuna að segja.
 - Fleira fagfólk
 - Samgöngur
 - Akstursþjónusta eflað og reynt að tryggja að fólk geti komist leiða sinna um kvöld og helgar.
 - Samstarf við einkaaðila eins og leigubíla skoðað betur varðandi niðurgreiðslur og að öruggt sé að fólk fái þjónustu utan þjónustutíma bæjarins, t.d. hreyfihlaðir
3. Fræðsla og forvarnir
 - Auka fræðslu um ýmis málefni, t.d. Félagslega einangrun, kvíða, jákvætt viðhorf, heilbrigðari lífhætti o.fl. (Ábyrgðaraðilar: Búsetudeild, Fjölskyldudeild, Samfélags- og mannréttindadeild í samstarfi við aðrar deildir og stofnanir: HSN, Grófin og fleira)
 - Upplýsingar séu allar á einum stað – fræðsla fyrir fólk sem er komið á aldur, hvað er í boði – hvert á að leita
 - Virkja notendaráð, að notendaráð komi að fleiri ákvörðunum og bera fleiri mál undir þau, fá t.d. notendaráðið til að koma að úttekt á aðgengi fyrir fatlað fólk. (Ábyrgðaraðilar: Velferðarráð, Búsetudeild og Fjölskyldudeild).
4. Aðgengi
 - Gera úttekt á aðgengi við stofnanir bæjarins og skoða skipulag í miðbænum með aðgengismál í huga. Bærinn á að vera til fyrirmyndar í aðgengismálum.
 - Upplýsingar um þjónustu gerðar aðgengilegri
 - Heimasíða gerð aðgengileg með helstu upplýsingum um þjónustu; Ferliþjónusta, tómsundur, ýmis ráðgjöf, upplýsingar um hvert eigi að leita. (Ábyrgðaraðilar: Búsetudeild, Fjölskyldudeild, Samfélags- og mannréttindadeild og Akureyrarstofa).
5. Íþrótt- og tómsundastarf
 - Skipulag taki mið af þroska, getu, hæfileikum og áhugasviði hvers og eins.
 - Fjölbreyttara úrval – íþróttir og tómsundur fyrir alla. Hvetja einstaklinga til að stunda íþróttir og tómsundur.

6. Fjölbreyttari atvinna
 - Auka möguleika fatlaðs fólks til atvinnu

Geðheilbrigðisþjónusta – forvarnir og úrræði

Geðheilsa hefur verið mikið í umræðunni og mikil þörf hefur verið á bættri þjónustu í málaflokknum. Lögð skal áhersla á að samþætta þjónustu við fólk með geðrænan vanda og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að leggja áherslu á forvarnir og snemmtæka íhlutun og er sérstaklega horft til barna og ungmenna.

Markmið

1. Þjónusta
 - Stuðla að uppbyggjandi og jákvæðri þjónustu
 - Kennarar fái námskeið í að sjá einkenni hjá börnum – eykur líkur á að t.d. börn með kvíða séu greind fyrir og fái þá aðstoð sem þau þurfa.
 - Efla samstarf og teymisvinnu á milli deilda, félaga og stofnanna, t.d. SAK, HSN og Grófina.
 - Efla Gránufélagsteymið
 - Mikilvægt að hafa áfangaheimili
2. Fræðsla og forvarnir
 - Þjóða upp á fræðslu um ýmis málefni, t.d. um kvíða, heilbrigðari lífhætti, jákvætt viðhorf, mikilvægi virkni o.fl.
 - Áhersla á forvarnir og eflingu einstaklingsins.
3. Íþróttir og tómstundir
 - Tryggja að bærinn og ríkið standi á bak við dagdvöl og tómstundir fyrir fullorðna einstaklinga sem eiga við geðræn vandamál að stríða.

Húsnæðismál

Ávallt skal reyna að tryggja að allir eigi möguleika á að búa við öryggi í húsnæðismálum óháð stöðu. Kanna skal möguleika á því að bjóða upp á fjölbreyttari búsetuúrræði fyrir íbúa bæjarins og þá sérstaklega fyrir fatlað og aldrað fólk. Nauðsynlegt er að umsóknarferli fyrir félagslegar leiguíbúðir sé einfalt og notendavænt.

Markmið

1. Allir eigi möguleika að búa við öryggi í húsnæðismálum – óháð stöðu.
2. Hafa fjölbreytta valkosti í búsetuúrræðum fyrir íbúa (Ábyrgðaraðilar: Velferðarráð, Búsetudeild og Fasteignir Akureyrar)
 - Fyrir fatlað fólk
 - Fyrir aldraða
 - Þjónustukjarnar
 - Skoða nýja möguleika í búsetumálum
3. Vera komin með húsnæðisstefnu innan 10 ára. (Ábyrgðaraðilar: Bæjarstjórn, Velferðarráð, Fjölskyldudeild, Búsetudeild, Fasteignir Akureyrar, Húsnæðisdeild og Fjárreiðudeild).

4. Umsóknir og mat fyrir félagslegar leiguíbúðir og bætur tengdar húsnæðismálum séu skilvirkari og að umsóknarferlið sé notendavænt. (Ábyrgðaraðilar: Húsnæðisdeild, Búsetudeild og Fjölskyldudeild).

Velferðartækni

Velferðartækni hefur hlotið meiri athygli undanfarið og er mikilvægur partur af þróun í þjónustu sveitarfélaga. Tækni getur hjálpað einstaklingum að takast á við daglegt líf og þar með aukið lífsgæði þeirra og möguleika til meiri sjálfstæðis. Tæknin getur einnig aukið sveigjanleika og gæði þjónustunnar ásamt því að bæta starfsaðstæður til muna.

Markmið

1. Að Akureyrarbær verði leiðandi sveitarfélag í velferðartækni
 - Efla skal velferðartækni á öllum sviðum, hvort sem það er til að auka þjónustu eða öryggi þjónustuþega.
 - Kanna skal fleiri möguleika varðandi fjarlækniþjónustu.
2. Nýta velferðartækni í þjónustu við aldraða og fatlað fólk
 - Getur aukið sjálfstæði margra að fá nýrri og betri hjálpartæki
 - Auka innlit í gegnum tölvur